

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.25.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir varafulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir úr dómnefnd HA, Sigrún Stefánsdóttir formaður stjórnar
rannsóknasjóðs HA, Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerðir 310. og 311. funda, mál til kynningar

1105446, 1108022

Fundargerðirnar voru bornar upp og samþykktar.

2. Rekstraráætlun HA 2012

1111005

Úlfar gerði grein fyrir breytingum sem orðið hafa síðan drög að rekstraráætlun voru kynnt á 311. fundi. Einnig sýndi Úlfar áætlun 2012 fyrir hverja starfseiningu skólans, með samanburði við áætlun 2011, og skýrði út breytingar milli ára.

Áætlaðar tekjur HA árið 2012 eru 1.486,1 mkr. og gjöld 1.476,4 mkr. Gert er ráð fyrir tekjuafgangi, 9,7 mkr.

Áætlunin er byggð á samþykktu námsframboði fræðasviðanna, og áætlanir stoðdeilda byggja á núverandi verkefnum og starfsmannafjölda að teknu tilliti til breytinga sem þegar hafa verið ákveðnar. Áætluð verðlagshækkun er allt að 3,5% þar sem við á.

Almennar viðmiðunarreglur eru m.a. að lágmarksfjöldi nemenda á námsbraut verði 15 nemendur að jafnaði og lágmarksfjöldi nemenda í námskeiði tíu að jafnaði. Tryggja ber hagkvæma uppbyggingu meistaranáms með samkenndum aðferðafræðinámskeiðum. Forstöðumönnum fræðasviða, stjórnarsýslu og stoðþjónustu er falið að ná samþykktum markmiðum um yfirvinnu starfsmanna.

Umræða varð um rekstraráætlunina. Rætt var um rannsóknasjóð HA, en framlag í hann hefur haldist óbreytt í krónutölu frá 2008 og er full þörf á að efla sjóðinn.

Háskólaráð samþykkti rekstraráætlunina. Ráðið lýsti ánægju með að áætlunin er raunhæf og einnig það að háskólinn nýtur trausts hjá hinu opinbera sem þakka má ábyrgum rekstri undanfarin ár, þrátt fyrir mjög erfið rekstrarskilyrði.

Rætt var um að fá forstöðumann RMF á fund háskólaráðs til að segja frá starfseminni. Framlag ríkissjóðs til RMF hækkaði á árinu 2012 um 30 mkr. sem stafar af mjög auknum umsvifum RMF.

3. Dómnefndarálit, Brynhildur Þórarinsdóttir, framgangur lektor-dósent

1106300

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sérfræðingur kom á fundinn fyrir hönd dómnefndar HA. Gerði hún grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Brynhildar Þórarinsdóttur lektors til að gegna stöðu dósents við HA. Niðurstaða dómnefndar er að Brynhildur er hæf til að gegna stöðu dósents við HA.

4. Dómnefndarálit, Finnur Friðriksson, framgangur lektor-dósent

1106286

Guðríður Gyða kynnti dómnefndarálitið og niðurstöðuna. Niðurstaðan er að dómnefnd telur Finn hæfan til að gegna stöðu dósents við HA.

5. Dómnefndarálit, María Steingrímsdóttir, framgangur lektor-dósent

1103070

Guðríður Gyða kynnti dómnefndarálitið og niðurstöðuna. Niðurstaðan er að Dómnefnd telur Maríu hæfa til að gegna stöðu dósents við HA.

Guðríður Gyða sagði frá því, í tengslum við samþykkt Skipulagsskrár Végeirsstaðasjóðs (sjá lið 11 á dagskrá), að hún hefði uppgötvað fágæta sveppategund, Birkiviðarroðlu, í skóglendinu á Végeirsstöðum, sumarið 2010. Sveppurinn hefur áður fundist í Egilsstaðaskógi og eru þetta einu fundarstaðir tegundarinnar í Evrópu.

Rektor þakkaði Guðríði Gyðu fyrir og fór hún af fundinum. Háskólaráð staðfesti niðurstöðu dómnefndar í öllum þrem málunum.

6. Úthlutun úr rannsóknasjóði HA

"[málsnúmer]"

Sigrún Stefánsdóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Umsóknir voru 22 talsins sem er færra en 2010 en umsóknir voru að þessu sinni mun vandaðri. Umsækjendur voru 11 konur og 11 karlar og var sótt um samtals kr. 25.530.000.

Átján styrkjum var úthlutað, samtals að upphæð kr. 12.626.000. Að auki var úthlutað flugmiðum til að styrkja ferðalög umsækjenda og er Flugfélag Íslands styrktaraðili sjóðsins. Níu konur og níu karlar fengu úthlutað úr sjóðnum. Sigrún sagði bagalegt að framlag til sjóðsins hefur staðið í stað undanfarin ár og ekki haldið í við verðlagshækkunarir. Háskólaráð hefur þá stefnu að efla rannsóknasjóð. Ráðið samþykkti úthlutunina, rektor þakkaði Sigrúnu fyrir og fór hún af fundinum.

7. Kennslualmanak HA 2012-2013

1202034

Steinunn Aðalbjarnardóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Steinunn fór yfir almanakið sem er hefðbundið í framsetningu að öðru leyti en því

að ekki eru tilteknir upphafsdagar kennslu á haust- og vormisseri en vísað til stundaskrár varðandi það.
Háskólaráð samþykkti almanakið.

8. Innritun nýrra nemenda á vormisseri 2012

1202035

Steinunn útskýrði yfirlit yfir nýja nema dagsett 12. janúar 2012. Alls bættust við 132 nemendur, þar af 82 nýnemar sem ekki höfðu áður verið í skólanum. Það er umtalsverð fjölgun frá sambærilegum tölum 2010 en þær voru 119/42. Inntaka um áramót var ekki auglýst nema á heimasíðu háskólans

Langflestir nýir nemendur eru í viðskiptadeild og félagsvísindadeild. Um helmingur nýrra nemenda er í fjarnámi. Nemendurnir fengu netkynningu á háskólanum en nýnemadagar voru ekki haldnir fyrir þennan hóp. Auk þessa eru í skólanum á vormisseri 2012 23 skiptinemar og 5 gestanemar. Alls eru í háskólanum 1.560 nemendur.
Rektor þakkaði Steinunni fyrir og fór hún af fundinum.

9. Stefnumótun HA 2012-2017

1107008

Rektor sýndi vinnugögn stefnunefndar og greindi frá gangi mála varðandi stefnumótunina. Gögnin fara til umsagnar á fræðasviðunum. Þau verða send til fulltrúa í háskólaráði og óskað eftir umsögnum þeirra. Með tilliti til fram kominna athugasemda verður stefnan lögð fram á næsta háskólaráðsfundi.

10. Breyting á reglum HA um framgang og ráðningar

1202091

Rektor rifjaði upp að matskerfi opinberu háskólanna varðandi vinnumat hefur verið samræmt og er nú röðin komin að því að samræma reglur um framgang og ráðningar.

Framgangsreglur HA verða endurskoðaðar fyrst. Markmiðið er að opinberu háskólarnir hafi samræmt framgangskerfi og síðan reglur um nýráðningar í framhaldinu.

Háskólaráð samþykkti að rektor setti nefnd til að endurskoða framgangsreglur HA. Í henni verða auk rektors forsetar fræðasviða og lögfróður aðili.

11. Önnur mál

Jóna vakti máls á því að háskólinn hefur ekki skilgreindan ramma fyrir samstarf við fyrirtæki í atvinnulífi eins og æskilegt væri. Sagði hún að áhugi á samstarfi af ýmsu tagi væri hendi hjá fyrirtækjum.

Rektor tók undir það að nýta beri tækifæri til samstarfs við fyrirtæki á atvinnumarkaði og að háskólinn ætti að hafa frumkvæði um að skapa tækifærin. Nefndi hann að kennarar skapa í mörgum tilvikum tengsl útávið.

Hallur lagði fram álit sem hann óskaði eftir að bókað yrði. Það varðar lið 6. lið 311. fundar háskólaráðs sem er samþykkt reglna um vinnumatssjóð HA. Hallur sat ekki þann fund.

Bókunin er eftirfarandi:

„Á síðasta fundi háskólaráðs voru samþykktar nýjar reglur um vinnumatssjóð HA með naumum meirihluta. Ég kom að fyrri umræðu um það mál á 310. fundi háskólaráðs þar sem ég furðaði mig mjög á vinnubrögðum og fyrirhugaðri afgreiðslu málsins. Málinu var í framhaldi af þeim umræðum frestað fram til næsta fundar sem ég sat ekki.

Ef það er markmið að efla rannsóknir við skólann í raun þá tel ég þessar nýju reglur mikið ógæfuspor fyrir Háskólann á Akureyri og það akademíska starf sem hann vill kenna sig við. Þær vinnureglur að greiða fræðafólki í hlutastörfum ekki full rannsóknastig eru letjandi fremur en hvetjandi fyrir það fræðafólk. Að mínu mati munu þær frekar letja starfsfólk skólans við útgáfu fræðigreina heldur en áður og fara því gegn markmiði vinnumatssjóðsins að hvetja fræðilegt starfsfólk HA til aukinnar rannsóknarvirkni.“

Fram kom ágreiningur um það hvort nýjar reglur um vinnumatssjóð eru réttlátari en þær eldri. Reglurnar eru sambærilegar við þær reglur sem gilda fyrir starfsmenn HÍ og voru reglurnar unnar í fullu samráði við stjórn FHA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.